

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar og gróðurhúsaræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

10. gr.

Hitaveita Hveragerðis hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun þer að tilkynna með 3 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 1 000.00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Hveragerðis skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Þeir notendur, sem ekki fá vatnið eftir hámarksskammti, skulu greiða eftir áætluðum hámarksskammti, þar til þeir hafi fengið hemil.

13. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis nr. 19/1974.

Iðnaðarráðuneytið, 9. október 1974.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

S A M Þ Y K K T**um sorphreinsun í Hríseyjarhreppi.****1. gr.**

Hríseyjarhreppur sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kaupþingsins. Fer hún fram undir yfirstjórn oddvita og heilbrigðisnefndar Hríseyjar.

2. gr.

Sérhver húseigandi eða leigjandi í Hrísey er skyldur til að nota þær aðferðir og tæki við sorpgeymslu og hreinsun, sem hreppsnefnd ákveður. Húsráðendur verða að sjá um að hafa sorpskápa í góðu ásigkomulagi og endurnýja, ef þörf krefur, og bera allan kostnað af uppsetningu og viðhaldi.

3. gr.

Sorp skal sett í sérstaka poka, sem komið er fyrir í sérsmíðuðum skápum, sem hreppsnefnd hefur samþykkt. Hafa skal greiðfæran stíg ca. 90 cm. breiðan að sorprind.

4. gr.

Sorpið, sem sett er í sorpílátin, má vera allt venjulegt heimilissorp, þó ekki þyngra en ca. 25 kg í poka. Ekki má láta mold, mól, glóð, heita ösku, grjót, byggingasorp né stórar trjágreinar í sorppokana. Slíkt sorp skal flutt á afmarkað svæði skv. nánari fyrirætlum hreppsnefndar, sama gildir og um hvers konar brotajárn.

5. gr.

Pakka skal inn beittum og oddhvössum hlutum s. s. glerbrotum áður en þeir eru settir í pokana. Ekki má setja meira í hvern poka en svo, að auðvelt sé að loka þeim þegar skipt er um poka.

6. gr.

Bannað er að setja eldfima vökva s. s. olíur og bensín í sorpílát. Á haugum skal vera aðstaða til brennslu slíkra hluta.

7. gr.

Sorpílát verði losuð vikulega á sumrin og hálfsmánaðarlega á veturna og bundið fyrir alla poka við losun grinda.

8. gr.

Ekki má losa sorpílát á helgidögum, né eftir kl. 23 virka daga. Minnst einn sorpskápur sé hjá hverri fjölskyldu.

9. gr.

Ef sorpið er svo mikið eða í þannig formi, að ekki hæfi viðurkenndum sorpílátum skal húsráðandi annast sorphreinsun eða óska þess að sveitarfélagið annist hreinsun gegn sérstöku gjaldi.

10. gr.

Fyllsta hreinlætis skal gætt umhverfis sorppoka og óheimilt er að hnýsast í sorp.

11. gr.

Bannað er að urða olíuleifar og önnur efni, sem mengað geta jarðveg og einnig er bannað að kasta slíkum efnum í sjóinn. Skal þeim eytt eða brennt á tryggilegan hátt, eftir því sem kostur er á, og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar og starfsmanna hreppsins.

12. gr.

Fyrirferðarmiklum en brennanlegum úrgangi, svo sem umbúðum og því um líku, skulu forsvarsmenn heimila og atvinnurekstrar koma á sorphreinsunarbíl, þegar hreinsun fer fram eða á sorpeyðingarstað samkv. nánari fyrirætlum sveitarstjórnar.

13. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun greiðist úr sveitarsjóði. Sveitarstjórn er heimilt að innheimta sérstakt sorphreinsunargjald skv. nánari ákvörðun, og skal það innheimt með fasteignagjöldum hvers árs.

14. gr.

Kvörtun vegna sorphreinsunar skal koma skriflega til sveitarstjórnar.

15. gr.

Hugsanleg vafaatriði varðandi fjölda sorpskápa úrskurðar heilbrigðisnefnd.

16. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með brot á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

17. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hríseyjar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. október 1974.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

S A M Þ Y K K T

um hundahald í Höfðahreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Höfðahreppi.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í hreppnum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið sem sveitarstjórn setur fyrir eitt ár í senn, skal renna til þessa að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum, og skal upphæð þess við það miðuð.
- c) Skyld er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingafélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannaferi, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski ekki ró íbúa hreppsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um hreppinn fara, til óþæginda.
- f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum. er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrimælum, sem heilbrigðisnefnd setur.
- g) Skráðum bændum skal heimilt að halda hunda án gjalds og einnig er leyfilegt að skrá viðurkennda veiðihunda án gjalds.